

**Nd.**

**391. Nefndarállit**

um frumvarp til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

**Frá allsherjarnefnd.**

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og getur fallist á stefnu þess, en þykir varhugavert að setja engin takmörk fyrir sjúklingatölu þeirri úr hverju sveitar- og bæjarfjelagi, er ríkissjóður skuli bera kostnað af, en telur þó rjett að rýmka þetta nokkuð frá því, sem nú er.

Hins vegar fellst nefndin á það, að kostnaðinum við dvöl sjúklinga á sjúkrahúsi sje skift milli sveitar- og bæjarfjelaga annars vegar og ríkissjóð hins vegar, eftir þeim hlutföllum, er í frumvarpinu greinir, en telur þó rjett, að sá hluti kostnaðar, er greiðist af sveitar- og bæjarfjelagi, fari ekki fram úr 400 kr. á ári fyrir hvern sjúkling.

Nefndin er samþykk því, að þann styrk, sem veittur er fyrir sjúkrahús-vist, lyf og læknishjálp, megi ekki skoða sem sveitarstyrk, og telur því þessa breytingu byggða á fylstu sanngirni og rjettlæti. En þar sem nefndin leggur til, að hvert sveitar- eða bæjarfjelag njóti ekki ríkissjóðsstyrks nema fyrir ákveðna sjúklingatölum í hvert sinn, þá verður að breyta þessu ákvæði frv. þannig, að þeir sjúklingar, er sjúkrahús-vistar njóta, missi einskis í við það, þó sveitar- eða bæjarfjelagið beri eitt kostnaðinn.

Leggur nefndin því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

##### 1. Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

77. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 skal orða þannig:

Ef þursalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikr-spitala, þá greiðir framfærslusveit hans  $\frac{2}{3}$  hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga í einu úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið verður í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti, sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er fyrir sjúkrahús-vist, en undir hann telst lyf og læknishjálp, má skoða sem sveitarstyrk.

##### 2. Við 2. gr.

Fyrir »600 kr.« komi:

400 kr.

Allþingi, 25. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson,  
formaður.

Einar Þorgilsson,  
framsögum.

Björn Hallsson,  
fundaskrifari.

Stefán Stefánsson.

Pjetur Ottesen.